

Summary

This report is written in cooperation with the HSS where there was interest in improving the process of hiring new staff and introducing newcomers to the job.

In order to further research how the hiring process has been managed so far and to find out how the new staff members have been greeted and introduced to the workplace, a list of questions was sent out a list of questions to the current staff. Using a layered random selection a total of 25% of staff members received the questionnaire which included 25 questions. The answer percentage was close to 60%. Our aim was to find out how the staff members experienced the hiring process and the first few days on the job.

The main results of the questionnaire were that almost half of the staff members had applied for a job at HSS due to encouragement from people already employed there, a little over half of them had a job interview, but only 49% signed a job contract. The vast majority said that they had been given a job prescription and that a seasoned staff member had met them on their first day and they had been introduced to their co-workers. The results also showed that 80% of the employees were not introduced to safety regulations in the workplace, 89% were not offered a course at the beginning of their new job and 77% of the people said they were happy in their current job.

Finally, the main results of the survey, along with interviews with leading management staff, are reviewed in connection with the course material and proposals that aim for a better hiring process and greeting procedure are put forward. Amongst those are proposals on a flowchart depicting the staff selection, a check list for greeting newcomers and an introductory booklet “Welcome to work at HSS” and a finished version of a former draft showing the hiring process in action.

Key words:

- **Hiring process**
- **Selection methods**
- **Newcomers**
- **Greeting**
- **Human Resource Management**

Útdráttur

Skýrsla þessi er unnin í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þar sem áhugi var fyrir því hjá stofnuninni að skoða hvernig bæta mætti fyrirkomulag ráðningarferlis og móttöku nýliða.

Til að kanna hvernig staðið hefur verið að ráðningum starfsmanna hingað til og hvaða móttökur þeir hafa fengið fyrstu vinnudagana voru sendir út spurningalistar til starfsmanna. Byggt var á lagskiptu slembiúrtaki þar sem 25% starfsmanna voru spurðir 25 spurninga. Svarhlutfall var tæplega 60%. Það sem vakti fyrir skýrsluhöfundum var að komast að því hvernig starfsmenn upplifðu starfsráðningu sína og móttökur á nýjum vinnustað.

Helstu niðurstöður úr könnuninni voru m.a. þær að tæpur helmingur starfsmanna sagðist hafa sótt um vinnu vegna hvatningar frá öðrum starfsmönnum HSS, rúmur helmingur fór í starfsviðtal en ekki nema 49% skrifuðu undir ráðningarsamning. Mikill meirihluti sagði að sér hafi verið kynnt starfslýsing og að reyndur starfsmaður hafi tekið á móti þeim fyrsta vinnudaginn sem og að þeir hafi verið kynntir fyrir samstarfsfólki sínu. Það kemur líka fram að 80% starfsmanna voru ekki kynntar öryggisreglur á vinnustað, 89% var ekki boðið að fara á námskeið í byrjun starfs hjá HSS og að lokum sögðust 77% vera ánægðir í starfi í dag.

Að lokum eru helstu niðurstöður úr könnuninni ásamt viðtölum við yfirmenn stofnunarinnar skoðaðar með tilliti til fræðanna og lagðar fram tillögur sem stuðla eiga að því að gera ráðningarferlið og móttökurnar markvissari og faglegri. Höfundar lögðu meðal annars fram flæðirit um ráðningarferli, gátlista fyrir móttöku nýliða og tillögur að móttökubæklingnum „Velkomin(n) til starfa hjá HSS“ auk þess sem höfundar fullkláruðu drög sem lágu fyrir um verkferli er tekur á ráðningarferlinu.

Lykilorð:

- **Ráðningarferli**
- **Starfsmannaval**
- **Nýliði**
- **Móttaka**
- **Mannauðsstjórnun**